

REGLUGERÐ

um (77.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í II. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvæða sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1399 frá 17. ágúst 2015 að því er varðar synjun um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus toyonensis* (NCIMB 14858T) (áður nefnd *Bacillus cereus* var. *toyoi* NCIMB 40112/CNCM I-1012) sem fóðurukefni fyrir eldisnautgripi, eldiskanínur, eldiskjúklinga, fráferugrísi, eldisvín, gyltur til undaneldis og kálfa til eldis og um afturköllun leyfa fyrir blöndu með *Bacillus cereus* var. *toyoi* (NCIMB 40112/CNCM I-1012) sem fóðurukefni fyrir eldiskalkúna og kanínur til undaneldis, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 256/2002, (EB) nr. 1453/2004, (EB) nr. 255/2005 og (EB) nr. 1200/2005 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 166/2008, (EB) nr. 378/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 288/2013. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2016, frá 19. mars 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 31. mars 2016, bls. 295.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1408 frá 19. ágúst 2015 um leyfi fyrir DL-meþíónýl-DL-meþíóníni sem fóðurukefni fyrir fiska og krabbadýr. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2016, frá 19. mars 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 31. mars 2016, bls. 299.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1414 frá 20. ágúst 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 136/2012 um leyfi fyrir natríumbísúlfati sem fóðurukefni fyrir gæludýr og fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2016, frá 19. mars 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 31. mars 2016, bls. 302.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1415 frá 20. ágúst 2015 um leyfi fyrir astaxantíni sem fóðurukefni fyrir fiska, krabbadýr og skrautfiska. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2016, frá 19. mars 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 31. mars 2016, bls. 306.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1416 frá 20. ágúst 2015 um leyfi fyrir natríumbísúlfati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2016, frá 19. mars 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 31. mars 2016, bls. 310.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1486 frá 2. september 2015 um leyfi fyrir kantaxantíni sem fóðurukefni fyrir tiltekna flokka alifugla, skrautfiska og skrautfugla. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2016, frá 6. febrúar 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 31. mars 2016, bls. 153.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1489 frá 3. september 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 30238 og *Pediococcus pentosaceus* NCIMB 30237 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2016, frá 6. febrúar 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 31. mars 2016, bls. 157.

8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1490 frá 3. september 2015 um leyfi fyrir blöndu með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr Capsicum sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Pancosma France S.A.S.). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2016, frá 6. febrúar 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 31. mars 2016, bls. 160.
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1747 frá 30. september 2015 um leiðréttingu á viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 26/2011 frá 14. janúar 2011 um leyfi fyrir E-vítamíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2016, frá 6. febrúar 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 31. mars 2016, bls. 145.

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fôðri, áburði og sáðvöru.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fôðri, áburði og sáðvöru.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fôðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. apríl 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.